

9. Álagning og innheimta

Fiskistofa annast álagningu og innheimtu veiðigjalda, skv. lögum um veiðigjöld nr. 145/2018 og gjalds vegna ólögmæts sjávaraflla, skv. lögum nr. 37/1992.

Veiðigjald

Veiðigjald er lagt á landaðan afla og er það innheimt mánaðarlega fyrir næstliðinn mánuð. Veiðigjald er tiltekin krónutala á hvert kg landaðs afla, mismunandi eftir fisktegundum. Í töflu 9.1. má sjá álgöð veiðigjöld fyrir veiddan afla á árunum 2018 og 2019.

9.1 Álagning veiðigjalda (fjárhæðir í milljörðum kr.)

Veiðigjöld	2018	2019
Veiðigjald	11,6	7,1
Afsláttur (gjaldfrjáls veiði)	0,3	0,4
Álagt veiðigjald alls	11,3	6,7

Ólögmætur sjávarafli

Fiskistofa leggur á gjald vegna ólögmæts sjávaraflla á grundvelli laga nr. 37/1992 og annast innheimtu gjaldsins f.h. Verkefnasjóðs sjávarútvegsins (tafla 9.2). Við almenna álagningu gjaldsins er gert upp jafnóðum og ákvarðanir eru teknar í málum. Fiskistofa hefur einnig með höndum álagningu gjalds vegna ólögmæts afla strandveiðibáta. Þegar um strandveiðar ræðir er lagt á gjald sem nemur verðmæti þess afla sem er umfram 650 þorskígildiskíló í veiðiferð. Gjaldinu er skipt hlutfallslega eftir tegundum. Álagning fer fram mánaðarlega. Tilkynningar um álagningu vegna strandveiða á árinu 2019 voru alls 1.163 og fjölgaði um 74 frá 2018. Nam upphæð gjaldsins sem lagt var á 41,8 milljónum kr. sem er hækkun upp á 15,6 milljónir eða tæp 60%. Í töflu 9.3 má sjá fjölda báta sem fengu álagningu eftir mánuðum og upphæð þess gjalds sem lagt var á þá.

9.2 Álagning og innheimta sérstaks gjalds vegna ólögmæts sjávaraflla

Ólögmætur sjávarafli	2016	2017	2018	2019
Fjöldi mála á árinu	65	36	61	19
Heildarálagning kr.	972.558	21.039.769	38.785.137	1.175.095
Heildarinnheimta kr.	966.331	20.532.981	32.795.489	1.175.095

9.3 Álagning í strandveiðum 2018

Máí	259	7.880.160	30.425
Júní	292	9.401.957	32.198
Júlí	365	15.499.315	42.464
Ágúst	247	9.039.666	36.598
Samtals	1.163	41.821.098	35.960

